



Fréttatilkynning
03 June 2026 16:14:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum

Íslandsbanki („bankinn“) lauk í dag sölu á grænum almennum skuldabréfum (e. senior preferred) að fjárhæð 600 milljónir norskra króna og 1,4 milljarðar sænskra króna til 3 ára og verða útgáfunar gefnar út undir EMTN útgáfuramma bankans. Skuldabréfin voru seld á kjörum sem jafngilda 78bp álagi á þriggja mánaða millibankavexti í norskum krónum og 80bp álagi á þriggja mánaða millibankavexti í sænskum krónum.

Andvirði útgáfunnar mun verða notað til lánveitinga sem uppfylla skilyrði sem sett eru fram í sjálfbærum fjármögnunarramma bankans. Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans: <https://www.islandsbanki.is/is/vara/bankinn/fjarmognun-bankans>.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta á Euronext Dublin þann 11. júní 2026.

Vísað er til tilkynningar bankans fyrr í dag um endurkaupatilboð vegna tiltekinna útistandandi skuldabréfa í norskum og sænskum krónum. Niðurstöður endurkaupatilboðsins verða tilkynntar sérstaklega.

Umsjónaraðilar (e. Joint Lead Managers) útgáfunnar voru Danske Bank, DNB Carnegie og SEB.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Karen Sif Magnúsdóttir, ir@islandsbanki.is

Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Íslandsbanki gefur út græn almenn skuldabréf í norskum og sænskum krónum](#)